

AUGLÝSING

um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands.

Hinn 26. nóvember 1996 var gerð bókun um breytingu á bókun B við samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Eistlands frá 7. desember 1995, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1996.

Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

31. desember 1996

Nr. 22

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.

Sameiginleg nefnd EFTA og Ísraels tók á árinu 1996 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels frá 17. september 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1993 og 53/1995, og öðluðust þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/96	13.02.1996	Breyting á bókun A	13.02.1996
2/96	13.02.1996	Breyting á bókun C	13.02.1996
3/96	13.02.1996	Breyting á III. viðauka	13.02.1996
4/96	13.02.1996	Breyting á IV. viðauka	13.02.1996
5/96	15.02.1996	Breyting á 37. gr. varðandi vörslu samningsins	Hefur ekki öðlast gildi

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.